

M-98/2016. Álit 16. ágúst 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-98/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. nóvember 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á hellum af þriðja aðila, sem keypti hellurnar af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að hellurnar séu gallaðar og krefst úrbóta.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 17. nóvember 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 1. desember 2016. Hinn 8. desember 2016 voru andsvörin send til álitsbeiðanda og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdir hans þann 20. desember 2016. Athugasemdir álitsbeiðanda voru sendar til seljanda þann 29. desember 2016 og honum bent á heimild sína til að hafa uppi frekari andsvör. Hann nýtti sér þá heimild og bárust frekari andsvör seljanda 12. janúar 2017. Þann 11. júlí 2017 sendi álitsbeiðandi inn frekari gögn vegna málsins. Seljandi sendi nefndinni athugasemdir vegna þeirra gagna hinn 4. ágúst 2017. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Fyrirtækið Z, festi kaup á svörtum og gráum hellum, svokölluðum ótromluðum torgsteini, af seljanda þann 10. ágúst 2015. Að sögn álitsbeiðanda fékk hann forsvarsmann þess fyrirtækis til að kaupa hellurnar af seljanda þar sem fyrirtækið hafði betri kjör við kaupin. Í kjölfarið keypti álitsbeiðandi hellurnar af fyrirtækinu samkvæmt gögnum málsins og lagði þær á bifreiðaplan við heimili sitt í lok sumars 2015. Álitsbeiðandi segir að hellulögnin hafi litið vel út í upphafi en strax á fyrstu mánuðum hafi grái og svart liturinn sem áður var á hellunum tekið að hverfa og lögnin orðið brún á lit sem aðeins aukist með tímanum. Í desember var lögnin orðin brún en álitsbeiðandi segist hafa látið seljanda vita af þessu á þeim tíma símleidis. Kveðst álitsbeiðandi hafa fengið þær upplýsingar frá starfsmanni seljanda að þúsningarsandurinn hefði eflaust orsakað þennan lit, sem væri óvenjulegur.

Sumarið 2016 segist álitsbeiðandi hafa tekið eftir því að brotnað hafði upp úr sumum hellum og brúni liturinn aukist. Að sögn álitsbeiðanda er brúnn litur allstaðar á lögninni nema á stöðum þar sem lagðar voru hellur sem keyptar voru síðar, en þær eru enn gráar. Hafði álitsbeiðandi því aftur samband við seljanda sem sendi starfsmann á svæðið í ágúst 2016 til að taka myndir. Í kjölfarið hafi seljandi sagt að hann vildi fá fyrirtækið Allt af ehf. til að þrifa hellurnar. Þá segir nánar í álitsbeiðni: „[s]tarfsmaður frá þeim kemur síðar til að taka myndir eftir að ég er aftur búinn að hafa samband við [seljanda] og hann ítrekar að málið er komið í vinnslu. [Starfsmaður seljanda] ætlaði að láta mig vera í cc í pósti frá sér til Allt af, en þann tölvupóst fékk ég ekki.“

Þann 19. september fór álitsbeiðandi til seljanda að ræða við starfsmann þar og sýndi honum myndir af lögninni sem hafði þá versnað til muna að hans sögn. Sá starfsmaður sagði

við álitsskiptanda að sandurinn hafi orsakað þessar litabreytingar, en hann hafi ekki getað útskýrt af hverju ein hella er brún og önnur grá þrátt fyrir að hafa verið lagðar á sama tíma og sandaðar með sama sandi.“ Vildi sá starfsmaður hjá seljanda einnig láta fyrirtækið Allt af ehf. þrifa hellurnar.

Síðar fór að brotna meira upp úr hellunum og brúni liturinn hélt áfram að aukast enn frekar að sögn álitsskiptanda sem hafði aftur samband við seljanda. Úr varð að þann 3. október 2016 hittust álitsskiptandi og starfsmaður seljanda að heimili álitsskiptanda ásamt öðrum aðila til að skoða hellurnar. Báðir aðilar sögðu, að sögn álitsskiptanda, að sandurinn hafi orsakað litabreytingarnar. Þá hafi starfsmaður seljanda skýrt ástæðu þess að brotnaði uppúr hellum sem svo að „í framleiðslunni hafa átt til að koma í hellurnar lífræn korn sem orsaka það að það muni brotna upp úr hellunum en það stoppi eða hætti eftir ákveðinn tíma og [álitsskiptandi] muni hætta að taka eftir þessu“. Þá hafi starfsmaður seljanda einnig sagt að „þeir [hafi] lent í því að úr þeim námum sem sandurinn er tekinn úr hafi komið leir fram“. Álitsskiptandi kveðst hafa farið fram á það við seljanda að hellurnar yrðu lagaðar með því að skipta út hellum en seljandi hafi sagt að „það yrði aldrei.“ Í kjölfarið réði álitsskiptandi aðila til að leggja mat á hellurnar og eru tvær skýrslur frá þeim aðilum meðfylgjandi álitsskiptandi.

Fyrri matið var framkvæmt af tveimur fulltrúum frá A, dags. 21. október 2016. Í skýrslunni segir:

„Við fyrstu sýn leit hellulögnin út fyrir að vera óhrein eða að leirljóst efni væri að skolast af lögninni sem gæfi henni þennan ljósbrúna lit í skellum. Við nánari skoðun mátti sjá stakar hellur sem voru í eðlilegum lit og því getur ekki talist líklegt að restin af hellulögninni sé óhrein [...]. Skýrt dæmi um mismun á gæðum og lit hellnanna má sjá á svæði þar sem keyptar höfðu verið nokkrar hellur eftir á til að nota í frágang við kanta og samskeyti lóða.

Það er mat fulltrúa A, að litur hellnanna geti ekki talist eðlileg í samanburði önnur verk þar sem sama hellutegund hefur verið notuð samanber á sýningar svæði framleiðanda. Ennfremur er það mat félagsins að framkvæmd og frágangur verksins hafi farið fram með eðlilegum hætti og notast við viðurkennt verklag undir handleiðslu fagmanns.“

Álitsskiptandi leitaði einnig til B, til að fá álit á hellunum og framkvæmdu starfsmaður fyrirtækisins skoðun sína þann 28. október 2016. Í niðurstöðu þeirrar skoðunar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Að mati undirritaðrar er þessi brúni litur/slikja óvenjulegur og óvíst hvað orsakar hann. Einnig er það mat undirritaðra að brot/holur sem myndast hafa víða í hellum sé einnig óvenjulegt. Erfitt er að átta sig á ástæðunni bæði fyrir þessum brúna lit og broti/holum í hellulögn.[...]“

Þá lagði starfsmaður B, til að ráðist verði í rannsókn á efnasamsetningu steypunnar til að kanna hvort að mislitu hellurnar sem brotnað hafi upp úr innihaldi mögulega lífræn efni sem draga úr gæðum hellnanna sem og endingartíma og álagsþoli þeirra.

IV Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er bent á að kröfugerð álitsbeiðanda sé óljós og ekki afmörkuð auk þess sem ekki sé gerð krafa af hans hálfu gagnvart seljanda. Telur seljandi að málinu beri að vísa frá kæruneftndinni af þeim sökum. Þá hafnar seljandi alfarið einhliða málavaxtalýsingu álitsbeiðanda. Því er sérstaklega mótmælt að álitsbeiðandi hafi haft samband við seljanda í desember árið 2015, en í rekjarlegu kvörtunarkerfi seljanda megi ekki finna kvörtun frá álitsbeiðanda fyrr en þann 21. júní 2016. Þá megi ekki finna kvörtun frá álitsbeiðanda hvorki á tölvupósti eða ábendingu í gegnum heimasíðu seljanda þar sem gert er ráð fyrir að viðskiptavinir sendi inn kvartanir. Seljandi bendir á að félagið Z, hafi keypt umræddar hellur og því hafi álitsbeiðandi sömu stöðu og það félag samkvæmt 84. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup (lkpl.), enda leiðir hann rétt sinn af upphaflegum kaupanda. Bent er á að Z, sé fagaðili þegar kemur að hellulögnum og fyrirtækið hafi notið kjara hjá seljanda sem slíkur. Þá segir seljandi að ef meintur galli kom í ljós haustið 2015 líkt og álitsbeiðandi haldi fram í álitsbeiðni, leiði það til þess að hinn meinti galli teljist ekki tilkynntur án ástæðulauss dráttar samkvæmt 1. mgr. 32. gr. lkpl. og geti álitsbeiðandi því ekki borið hann fyrir sig. Þá geti tilkynning sem kemur fram svo seint komið í veg fyrir möguleika til að bæta úr gallanum. Sérstaklega er bent á greinar 14.1 og 14.3 í almennum skilmálum seljanda þar sem áhersla er lögð á að gallar séu tilkynntir umsvifalaust og að vara sé skoðuð rækilega við móttöku. Þar er einnig áréttað að tilkynnt sé um galla áður en vöru er skeytt við byggingu eða hellur eða steinar lagðir.

Seljandi telur að brúni liturinn hafi „langlíklegast [...] komið fljótlega fram og ekki ágerst eftir að fúgusandur hafi verið fjarlægður af hellulögn.“ Lýsingu álitsbeiðanda á þróun litabreytinga er hafnað sem rangri og ósannaðri af seljanda. Þá er bent á að álitsbeiðandi upplýsi ekki hve lengi fúgusandur hafi legið á lögninni. Seljandi telur að því megi slá föstu að hinn brúni litur komi af sandi sem notaður var til að fúa lögnina, en sandurinn hafi legið á hellulögninni í talsverðan tíma. Seljandi segir að í sambærilegum tilvikum hafi hann fengið fyrirtækið Allt af ehf. til að hreinsa hellurnar og viðskiptavinir hafi undantekningarlaust verið mjög ánægðir.

Seljandi hafnar því að brot upp úr hellum feli í sér galla. Sá steinn sem um ræðir er ótromlaður, en „við tromlun eru horn og brúnir brotin af steininum“ að sögn seljanda. Sé hann ekki tromlaður kvarnast mun frekar upp úr hornum og köntum. Þá sé yfirborð viðkomandi steins með steinflöguáferð sem er hrjúf og leiði til þess að „viðskiptavinir sætti sig almennt við brot á hornum og brúnum í þessum tilvikum.“ Lítil göt eru í hellunum á nokkrum stöðum, en stærstu götin eru um 3 mm í þvermál samkvæmt seljanda. Telur seljandi „líklegast að þau myndist við það að ófrostþolin steinefnakorn hafi sprungið upp eða sementsefja hafi lagst yfir gat í hellunni og opnast við veðrun og notkun.“ Að sögn seljanda kemur slíkt fljótlega fram ef það gerist en hafnað er að um galla sé að ræða.

Seljandi kveðst framleiða hellur eftir ströngu gæðaeftirliti skv. ISO 9001 staðlinum og leggja mikla áherslu á að framleiðslan standist allar kröfur, þar með taldar kröfur um styrk og um frost- og veðrunarþol. Þá segir í andsvörum að „frostþol [hellnanna] er prófað í samræmi við Evrópustaðal um helluframléiðslu (ÍST EN 1339 og 1340). Kröfur staðalsins er að mæligildi staðalsins (flögnun) sé minni en 1 kg/m². Hellur [seljanda] hafa verið að meðaltali undir 0,03 kg/m² síðustu ár og eru því ofurfrostþolnar.“ Seljandi telur einnig að þrátt fyrir að framangreind göt stækki muni hellurnar ekki veikjast enda séu þau of lítil til þess. Þá er „óundirrituðum skýrslum og minnisblöðum sem lögð hafa verið fram með [álitsbeiðni] hafnað sem sönnunargögnum.“

Seljandi hefur, án þess að viðurkenna ábyrgð vegna galla, boðið álitsbeiðanda að hellurnar verði þrífarnar á sinn kostnað. Það er að sögn seljanda „lausn sem fyrirtækið þekkir og hefur alltaf virkað í þessum tilfellum.“ Kveðst seljandi eiga rétt á að bjóða fram úrbætur í samræmi við 32. gr. lkpl. Þar sem álitsbeiðandi hefur hafnað úrbótum telur seljandi sér óskýlt að bjóða frekari efndir.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda tekur álitsbeiðandi fram að í álitsbeiðni geri hann kröfu um að seljandi bæti það tjón sem hann telji sig hafa orðið fyrir. Af því leiði að endurgera þurfi hellulögn með öllu. Álitsbeiðandi bendir á að rekjanleg kvörtunarkerfi virki þannig að það þurfi að „fylla á þau, enda eru þau ekki sjálfvirk. Það að viðkomandi starfsmaður hafi ekki skráð umkvörtun [álitsbeiðanda] sem fór fram símleiðis [geti] ekki verið sönnun á að kvörtun hafi ekki komið fram.“

Álitsbeiðandi kveðst hafa fylgt leiðbeiningum frá seljanda að öllu leyti við helluögnina, en þar komi fram að „sópa eigi sandinn fram og aftur og endurtaka eftir nokkurn tíma þegar sandurinn hafi sest.“ Þar komi hins vegar ekkert fram um að sandur megi aðeins liggja í ákveðinn tíma eða varað við því að slíkt geti haft afleiðingar. Þá hafi allt efni til verksins verið keypt hjá seljanda og því skipti það álitsbeiðanda ekki máli hvað hafi orsakað brúna litinn. Álitsbeiðandi bendir einnig á að ekki séu aðvörunarorð um það í bæklingi frá seljanda eða heimasíðu að göt í hellum og brotnar brúnir fylgi því að kaupa ótromlaðan stein.

Að sögn álitsbeiðanda er ekki líklegt að svokölluð ófrostpólin steinefnakorn eigi að vera í framleiðslunni, líkt og seljandi nefni sem tilgátu í andsvörum sínum. Þá bendir álitsbeiðandi á að álit sérfræðinga frá A, og B, hafi verið ætlað að skýra málið en seljandi hafi enga slíka vinnu lagt fram. Þá segir álitsbeiðandi að ekki geti „vafist fyrir neinum hvaðan skjölin eru ættuð enda lógó fyrirtækis eða félags á þeim.“ Boð seljanda um þrif var lagt fyrir álitsbeiðanda en hann bendir á að seljandi hafi „skrauta[ð] fram hjá mikilvægu atriði sem [álitsbeiðandi] stóð frammi fyrir, nefnilega því að starfsmaður [seljanda] vildi að [álitsbeiðandi gerði sér] grein fyrir því að yfirborð hellnanna gæti breyst.“ Við það segist álitsbeiðandi ekki una.

VI

Frekari athugasemdir seljanda

Í frekari athugasemdum seljanda er ítrekað að seljandi hafni kröfu álitsbeiðanda um að endurgera hellulögn þar sem álitsbeiðandi hafi hafnað framboðnum úrbótum. Seljandi tekur fram að álitsbeiðandi verði samsamaður fyrirtækinu Z, í málinu. Krafa álitsbeiðanda, um að seljandi útvegi efni í nýja lögn og láti leggja hana, er að sögn seljanda í raun krafa um skaðabætur fyrir afleitt tjón, en um viðskiptin við fyrirtækið Z, gilda skilmálar seljanda sem undanþiggja hann ábyrgð á afleiddu tjóni samkvæmt 14. gr. skilmálanna. Þá segir seljandi að óháð því hvort skilmálarnir eigi við þá beri hann ekki ábyrgð á óbeinu tjóni samkvæmt 2. mgr. 40. gr. lkpl., sbr. 2. mgr. 67. gr. laganna. Kröfu álitsbeiðanda er því alfarið hafnað.

Seljandi ítrekar að kaupandi teljist fagaðili um hellulagnir og lítil göt á yfirborði hellnanna séu algeng en teljist ekki til galla. Þá er kvörtun vegna þessara gata síðar fram komin samkvæmt seljanda þar sem ekki sé fjallað um það atriði í mati frá A. Að lokum er fullyrðingu, um að starfsmaður seljanda hafi haldið því fram að þvottur á hellum leiði til breytinga á yfirborði lagnar, hafnað.

VII

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. 84. gr. laganna, þar sem álitsbeiðandi byggir kröfu sína í málinu á þeirri kröfu sem fyrirtækið Z, getur haldið uppi gagnvart seljanda, sem

kaupandi þeirra hellna er málið varðar. Af því leiðir að álitseiddandi hefur sömu stöðu og fyrirtækið hefði í málinu ef það gerði sömu kröfu á hendur seljanda.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hafnar því að krafa álitseiddanda sé of seint fram komin líkt og seljandi heldur fram. Í málinu liggur ekki fyrir hvort álitseiddandi hafi kvartað við seljanda vegna hellnanna símleiddis um haustið 2015 en álitseiddandi heldur því staðfastlega fram fyrir nefndinni. Þá byggir álitseiddandi á því að meintur annmarki sé þess eðlis að hann hafi aukist með tímanum. Verður því ekki annað séð en að krafa álitseiddanda hafi komið fram án ástæðulauss dráttar. Nefndin fellst ekki heldur á það með seljanda að málinu beri að vísa frá vegna óljósrar kröfugerðar, enda má ráða kröfu álitseiddanda af upphaflegri álitseiddni auk þess sem krafan var nánar skýrð með athugasemdum álitseiddanda við andsvör seljanda.

Líkt og að framan er rakið keypti fyrirtækið Z, gráar og svartar hellur af seljanda, úr ótromluðum torgsteini, þann 10. ágúst 2015. Álitseiddandi keypti hellurnar síðar af fyrirtækinu og lagði á bifreiðaplan í sinni eigu um haustið 2015. Hellurnar hafa frá því þær voru lagðar tekið á sig brúnan lit á hluta lagnarinnar auk þess sem lítil göt hafa myndast og brotnað hefur upp úr nokkrum hellum. Álitseiddandi telur að hellurnar séu gallaðar og krefst þess að seljandi bæti úr gallanum með því að útvega og leggja nýjar hellur á planið.

Kærunefndin álitur að um kröfu álitseiddanda gildi m.a. 17. – 18. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (hér eftir lkpl.), en ákvæðin eru svohljóðandi:

„17. gr. Eiginleikar söluhlutar.

Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innþökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;*
- b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;*
- c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;*
- d. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann.*

Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr.

18. gr. Upplýsingar um eiginleika eða notkun.

Reglur um galla gilda einnig þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin.

Regla 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hvorki vissi né mátti vita að upplýsingarnar voru gefnar.

Reglur 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar upplýsingarnar eru leiðréttar á skýran og skilmerkilegan hátt og með nægum fyrirvara.“

Þá mælir 20. gr. lkpl. fyrir um það að kaupandi geti ekki borið fyrir sig sem galla það sem hann vissi eða mátti vita þegar kaup voru gerð, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Í 2. mgr. segir að ef kaupandi hefur rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða ekki rannsakað söluhlut án gildirar ástæðu, geti kaupandi ekki borið það fyrir sig sem hann hefði þá átt að veita athygli.

Það á einnig við ef kaupandi hefur rannsakað sýnishorn af hlutum eða látið það hjá líða án gildirar ástæðu og gallinn varðar eiginleika sem sjá mátti af sýnishorninu, sbr. 3. mgr. 20. gr. lkpl.

Kærufndin álitur að hellurnar séu í samræmi við það sem samið var um milli aðila og uppfylli kröfur samkvæmt 2. mgr. 17. gr. lkpl. Hellurnar voru lagðar á bifreiðaplan állsbeiðanda fyrir tveimur árum og standa þar enn líkt og sjá má af nýlegum myndum sem bærust frá állsbeiðanda. Þá er ekki að sjá að hellurnar séu í ósamræmi við upplýsingar eða þær myndir sem seljandi hefur birt í kynningarefni og á heimasíðu sinni af sambærilegri hellulögn hvað varðar „göt“ og „brot“ úr hellunum. Við samanburð á myndum frá seljanda og af hellulögn á bifreiðaplani állsbeiðanda sjást sambærilegar holur í hellum sem eru úr ótromluðum torgsteini. Er það því mat kærufndarinnar að hellurnar séu ekki gallaðar, hvað varðar „göt“ eða „brot“ úr hellum, á grundvelli 17. gr. lkpl., sbr. 3. mgr. ákvæðisins eða vegna upplýsingagjafar seljanda samkvæmt 18. gr. lkpl. Állsbeiðandi segir að seljandi hafi ekki varað sig við því að hellur úr ótromluðum torgsteini geti verið holóttar. Hér ber sérstaklega að líta til þess að állsbeiðandi leiðir rétt sinn af rétti félagsins Z, samkvæmt 84. gr. lkpl., en tilgangur þess félags er skróðgarðyrkja samkvæmt opinberri skráningu. Þá mátti sjá slíkar holur í sambærilegum hellulögnum í myndum sem seljandi lagði fram í kynningarefni og mátti állsbeiðanda því vera það ljóst og getur ekki borið það fyrir sig sem galla samkvæmt 3. mgr. 20. gr. lkpl.

Á þeim myndum sem seljandi hefur lagt fram, sem sýnishorn hellna úr ótromluðum torgsteini, má hins vegar ekki sjá brúna lit líkt og er að finna á hellum á bifreiðaplani állsbeiðanda. Þeim möguleika hefur verið velt upp í málinu að þússningarsandur hafi valdið litabreytingum þar sem hann hafi staðið of lengi á hellunum, en állsbeiðandi segir þó að hann hafi fylgt leiðbeiningum frá seljanda við lögnina og seljandi hafi ekki varað við því að slíkar afleiðingar geti hlotist ef sandur liggur of lengi á hellunum. Hér verður að vísa aftur til framangreindrar 84. gr. lkpl. um þá vitneskju sem állsbeiðandi er talinn búa yfir varðandi hellulögn, enda leiðir hann rétt sinn af aðila sem ætti að hafa mikla kunnáttu á slíku. Kærufndin telur þó ekki sannað í málinu að sandur hafi orsakað brúna litinn og raunar er alls óljóst hvaðan brúni liturinn kemur eða hvers vegna. Liturinn gæti meðal annars stafað að hluta til af olíuleka bifreiðar sem hefur verið staðsett á bifreiðaplaninu, ef litið er til mynda úr skýrslu A, sbr. mynd 2.3. á blaðsíðu 4, en þar má sjá að litabreytingin er staðbundin á sumum stöðum. Kærufndin getur þó ekki fullyrt um slíkt og geta tilgátur í skýrslu þeirri sem állsbeiðandi aflaði frá B, einnig verið réttar, um að lífræn efni gætu hafa blandast við steypuna í framleiðslu sem valdi þessum litabreytingum.

Miðað við þær upplýsingar og þau gögn sem lögð hafa verið fram í málinu, þar á meðal myndir af hellulögnum af heimasíðu seljanda, verður ekki annað séð en að sá brúni litur sem þekur stóran hluta hellnanna á bifreiðaplani állsbeiðanda leiði til þess að hellurnar teljist gallaðar á grundvelli c-liðar 17. gr. lkpl. og 1. mgr. 18. gr. sömu laga. Hefur þar ekki áhrif að hinn brúni litur kom aðeins í ljós nokkru eftir að hellurnar voru lagðar, enda getur galli söluhlutar komið fram síðar í ákveðnum aðstæðum líkt og talið er eiga við í máli þessu.

Ákvæði 30. gr. lkpl. mælir fyrir um þau úrræði sem standa kaupanda til boða ef hlutur er haldinn galla. Kærufndin fellst ekki á það með seljanda að krafa állsbeiðanda teljist skaðabótakrafa fyrir afleitt tjón. Litið verður á kröfu állsbeiðanda sem kröfu um úrbætur samkvæmt 34. gr. lkpl. en kærufndin telur að állsbeiðandi geti aðeins krafist nýrrar afhendingar úr hendi seljanda en ekki gert kröfu um að seljandi leggi hellurnar á ný fyrir állsbeiðanda. Hins vegar ber að líta til þess að seljandi hefur boðist til að standa straum af kostnaði við þrif á hellunum af félaginu Allt af ehf., sem sérhæfir sig m.a. í háþrýstipvotti. Álitur kærufndin að állsbeiðandi geti ekki gert kröfu um úrbætur í formi nýrrar afhendingar þar sem seljandi hefur þegar boðið fram úrbætur, í samræmi við ákvæði 36. gr. lkpl., sem

mögulega geta fjarlægt þann brúna lit sem er á hellunum. Ber álitsbeiðanda að gefa seljanda kost á að bæta úr framangreindum annmörkum, sem hann telur geta fjarlægt hinn brúna lit af hellum bifreiðaplansins. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VIII
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson